GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hólmavíkurhreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

A. Íbúðarhús, hver pokaeining (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hverrar viðbótar pokaeiningar kr. 3.000. Veita skal afslátt, kr. 3.000, hverju heimili sem gerir samning við sveitarfélagið um nýtingu á lífrænum úrgangi. Heimilt er og að veita afslátt, kr. 3.000, þeim heimilum öðrum þar sem sorp er að jafnaði minna en hálf pokaeining (einn poki hálfsmánaðarlega).

B. Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.
Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	8.000	4	72.000
2	16.000	5	128.000
3	32.000	6	52.000

Hreppsnefnd skipar aðilum í gjaldflokka.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald samkvæmt staflið B af aðilum sem annast sjálfir flutning á viðurkenndan eyðingarstað, enda greiði aðilar fyrir eyðingu sorpsins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.